



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 08. maí 2018 á Kjóavöllum.

7. fundur

Fundur hófst kl. 17:30

Mættir: Lárus Finnbogason, Sverrir Einarsson, Auður Stefánsdóttir, Hermann Vilmundarson og Magnús Benediktsson framkv.stj.

Ragna Emilsdóttir, Sigurður Tyrfingsson, Sveinbjörn Sveinbjörnsson boðuðu forföll.

Á þessum 7. fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Fundargerðir síðasta stjórnarfundar samþykkt.
2. Reiðveganefnd vinnur hörðum höndum í að gera reiðleið frá Andvaravöllum um Grunnuvatnaleið. Til þess að auðvelda framkvæmdina þurfa félagsmenn að færa kerrur sem eru við endann á Andvaravöllum og Blesavöllum og taka upp girðingar sem settar hafa verið upp af félagsmönnum. Kerrur þarf að færa á stóra kerrustæðið til að hægt sé að koma efni til reiðvegagarðar á þetta svæði. Samkvæmt samþykktu skipulagi yfir svæðið mun síðan verða sett upp framtíðar kerrustæði á þessu svæði. Nú þegar er byrjað að safna efni til reiðvegagerðarinnar og keyra að nýjum reiðvegi. Áður en vegurinn er lagður þarf að byrja á að færa plöntur sem nýtast annarsstaðar á Sprettssvæðinu.

Sprettur hefur umboð frá Garðabæ dagsett 01.06.2017 til þess að stýra notkun á beitilandi sem liggur innan bæjarmarka Garðabæjar á svæði félagsins á Kjóavöllum. Sett verða því upp framtíðar beitarhólf á Kjóavöllum sem skipulögð eru af Spretti. Þau munu leysa af hólmi beitarhólf sem félagsmenn hafa sjálfir sett upp.

Þessi reiðleið er langþráður draumur félagsmanna og er þessi bútur sem reiðveganefnd er að vinna í er um 2 km. Með þessari viðbót verður til reiðleið sem er um 5-6 km hringur.

Fundi slitið kl. 18:45 Fundargerð ritaði Auður Stefánsdóttir